


SKÍRNIR

TÍMARIT

HINS ÍSLENSKA BÓKMENNTAFÉLAGS



Vor



1991

Framan á kápu er verk Ásgerðar Búadóttur „Vúlkan“, 1986, ull og hrosshár, 216 x 199 cm. Verkið er í eigu Listasafns Íslands. Sjá þáttinn „Myndlistar-
maður *Skírnis*“ á bls. 259–260.

SKÍRNIR

TÍMARIT
HINS ÍSLENSKA BÓKMENNTAFÉLAGS

165. ÁR

RITSTJÓRAR
VILHJÁLMUR ÁRNASON
OG
ÁSTRÁÐUR EYSTEINSSON



REYKJAVÍK
Vor · 1991

ÚTGEFANDI

*Hið íslenska bókmenntafélag
Síðumúla 21 · Pósthólf 8935 · 128 Reykjavík
Sími 679060*

RITSTJÓRAR

*Vilhjálmur Árnason
Tómasarhaga 53 · 107 Reykjavík
Sími 24428*

*Ástráður Eysteinnsson
Barmahlíð 4 · 105 Reykjavík
Sími 21913*

AFGREIÐSLA

*Sverrir Kristinsson
Bókavörður Hins íslenska bókmenntafélags
Síðumúla 21 · Pósthólf 8935 · 128 Reykjavík
Sími 679060*

PRÓFARKALESTUR

*Margrét Eggertsdóttir
Eiríksgötu 13 · 101 Reykjavík
Sími 21807*

UMBROT

*Árni Finnsson
Háskólaútgáfan · Háskóla Íslands · 101 Reykjavík
Sími 694361*

PRENTUN

*Prentsmiðjan Steinholt hf.
Engjateigi 9 · 105 Reykjavík
Sími 686150*

Efni

Skáld Skírnis: Jóhann Jónsson	
<i>Jóhann Jónsson, „Delerium bibendi“</i>	4
<i>Jóhann Jónsson, „Söknuður“</i>	8
Frá ritstjórum	10
Ritgerðir:	
<i>Ingi Bogi Bogason, Til að mála yfir litleysi daganna</i>	11
<i>Eysteinn Þorvaldsson, Í framandi landi</i>	47
<i>Jóhann Jónsson, [Nótt í Riesental]</i>	75
<i>Kristján Árnason, Húmanismi Jónasar Hallgrímssonar</i>	77
<i>Sveinbjörn Beinteinsson, Ljóðið er eitthvað sem menn kvaka</i>	89
<i>Jón Hnefill Aðalsteinsson, Íslenski skólinn</i>	103
<i>Helga Kress, Staðlausir stafir</i>	130
Skírnismál:	
<i>Sigurður A. Magnússon, Ísland og Evrópusamfélagið</i>	157
<i>Jón Pálsson, Hinn hættulegi viðtengingarháttur</i>	176
<i>Gunnar Kristjánsson, Af heimspekinganna vatnsrennum</i>	181
Greinar um bækur:	
<i>Torfi H. Tulinius, Rödd textans, rómur túlkandans</i>	195
<i>Kristín Halla Jónsdóttir, Er stærðfræði ómaksins verð?</i>	209
<i>Kristín Birgisdóttir, Hverra manna ertu?</i>	229
Fregnir af bókum	247
Myndlistarmaður Skírnis: Ásgerður Búadóttir	
<i>Halldór Björn Runólfsson, Ásgerður Búadóttir: Vúlkan</i>	259
Höfundar efnis	261

Ásgerður Búadóttir: Vúlkan

ÁRIÐ 1986 ÓF Ásgerður Búadóttir feiknamikinn vef sem hún nefndi *Vúlkan*. Verkið var ávöxtur glímu listamannsins við svokallaða tenningu, en það er hefðbundið vefmynni (mótíf) þar sem svörtum böndum er fléttað saman við grá. Eins og sjá má er grunnflöturinn, stærstur hluti verksins, ofinn með þeim hætti. Miðjan ein, lítill ferningur í þeim stóra, sker sig úr. Hún er úr hrosshárum, sem ljúkast um rauðan kjarna. Sá kjarni endurómar í tveim dökkgráum reitum sem liggja utar í öxulmiðjunni.

Fara mætti mörgum orðum um formgerð verksins og inntak, en látið er við sitja að benda á fáein atriði sem þó ættu að liggja í augum uppi. Sjá má að verkið er nánast samhverft, ef undan er skilin línar, sem sker miðjan vinstri helming verksins, og rauður smádrillinn undir hrosshárunum. Þetta eru áherslurnar eða útdrúarnir sem brjóta upp hið fullkomna samræmi. Án þeirra væri jafnvægið fullkomið, en jafnframt snöggtum líflausara, því það sem er fullkomnað er til lykta leitt. Það er með öðrum orðum dautt. Alkunna er að persneskir vefarar læða hortitti inn í mynsturgerð sína, því engum öðrum en Guði leyfist að skapa fullkomið samræmi. Ef til vill eru æðri máttarvöld höfð að yfirvarpi, svo að vefararnir geti leyft sér að blása lífsneista í annars lífvana mynstur.

En þar að auki tengja þessar litlu en mikilvægu áherslur Ásgerðar verkið beinlínis við myndefni sitt, eldfjall, sem ólgar og spýr glóandi hraunelfu út yfir barma sína. Fyrir vikið er *Vúlkan* mun hlutbundnara en ella. Hver sámilega glöggur maður getur lesið úr því stílfært landslag, séð úr lofti, af kvikum eldgýg í gömlu og fenntu hrauni. En vissulega er slík lesning einungis yfirborðsleg frumlesning, léttilega af hendi leyst með hliðsjón af nafni verksins. Listaverk krefjast þess ávallt að farið sé dýpra en sem nemur hraðsoðnu, sjónrænu áreiti. Á því stigi er hver áhorfandi sér á báti, því menn sjá samkvæmt upplagi sínu og þar af leiðandi sér enginn eins og annar. Þá sér enginn verkið eins og listamaðurinn, því enginn getur litið afkvæmi móður og séð það eins og hún. Sá draumur margra listamanna að menn sjái úr verkum þeirra það sem þeir sjá sjálfir, mun aldrei að eilífu rætast. Því leyfi ég mér að túlka verk Ásgerðar á minn hátt, jafnvel þótt sú túlkun samrýmist ef til vill í engu því sem hún sér sjálf.


Mér verður starsýnt á nafngiftina, minnugur þess sem Marcel heitinn Duchamp sagði: Að heiti verks væri trúlega mikilvægasti hluti þess. Vúlkan hefur nefnilega tvenns konar merkingu. Það er eldfjall, en að auki guð smíða, rómverskur tvífari Hefæstosar, sonar Seifs og Heru. Sá varð frægur fyrir að

MYNDLISTARMAÐUR SKÍRNIS

fanga konu sína, Venusi, og friðil hennar Mars í listilega ofið net. Í netinu voru þau höfð að spotti í goðheimum. Vúlkan er með öðrum orðum Völundur. Það nafn er of líkt latneska hugtakinu „voluntas“, eða vilja, svo að um tilviljun geti verið að ræða. En hvað hefur vilji með völund að gera?

Völundur, Vilji eða Vúlkan hemur ástríður sínar og frumkraft. Með því að beisla og stýra þeim öflum sem fólgin eru í táknmyndum Venusar og Mars nær hann valdi á tjáningarmætti sínum, en það að ná taumhaldi á innri ástríðu og frumkrafti er forsenda allrar listrænnar sköpunar. Þegar innra eldfjall gýs bætir það ætíð við sitt fyrra verk. Jarðskorpan fær aðra ásjónu þegar formlaus kvikan vellur fram og storknar. Þannig er eldfjallið táknmynd tveggja víðátta; smiðjunnar, þar sem völundurinn glæðir og hamrar formlausan málminn, og listamannsins, sem brennur hið innra uns vilji hans hefur umbreytt tjáningarkvikunni í áþreifanlegt form. *Vúlkan* Ásgerðar Búadóttur er því ekki aðeins mynd af eldfjalli, heldur táknlíking eða allegoría um sköpunarmáttinn. Þegar öllu er á botninn hvolft er hún sjálfmynd, göfug tilraun til að lýsa því hugmyndaflugi sem sífellt plagar listamanninn og neitar að gefa honum grið fyrr en hann hefur búið því verðugan búning og sleppt því lausu.

Halldór Björn Runólfsson



Ásgerður Búadóttir, „Vúlkan“, 1986, ull og hrosshár, 216 x 199 cm.
Verkið er í eigu Listasafns Íslands.